

LÖG
um breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Dvöl á sjúkrahótel. Fyrir dvöl á sjúkrahótel skulu sjúkratryggðir greiða gjald sem nemur að hámarki 20% af kostnaði við gistingu og fæði og skal gjaldið ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Peir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum þessum skulu greiða gjald fyrir dvöl á sjúkrahótel sem nemur öllum kostnaði sem til fellur vegna dvalar á sjúkrahótel í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Álfheiður Ingadóttir.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2009